



GODI

GODI3GG05

Grísk og norræn goðafræði

Námsáætlun – vorönn 2025

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Guðfinna Gunnarsdóttir (GG)

Áfangalýsing:

Í áfanganum er grísk og norræn goðafræði skoðuð í tengslum við menningu, sögu, siði, hefðir og fleira sem tengist nútímasamfélagi. Lesnar eru bókmenntir, greinar og heimildarit sem tengjast grískri og norræni goðafræði. Skoðað hvernig goðafræði birtist í tölvuleikjum, kvikmyndum, borðspilum og fleiru. Unnin eru fjölbreytt ritunarverkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Að auki er unnið með munnlega færni í verkefnaskilum. Nemendur munu hafa val um hvort þeir skili verkefnum á ensku eða íslensku.

Forkröfur: Hafa lokið 10 einingum í ensku og íslensku á 2.þrepi.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Menningarlegu og sögulegu samhengi við nútímann.
- Bókmenntum sem tengjast goðafræðinni.
- Myndefni sem tengist goðafræðinni.
- Kvikmyndum og öðrum tilvísunum sem tengjast goðafræðinni.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt
- Skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu
- Lesa sér til ánægju og fróðleiks
- Afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt
- Færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja sér viðfangsefni og gera grein fyrir þeim.
- Nýta sér fyrirlestra, umræður og annað um efni sem hann þekkir vel.
- Kynna sér viðfangsefni til hlítar og meta það á gagnrýnninn hátt.
- Vinna efni úr ólíkum upplýsingaveitum og vinna með það samkvæmt kröfum um heimildavinnu.
- Vera læs á sjálfan sig í víðu samhengi og geta mætt nýjum hlutum með gagnrýnninni hugsun.

Kennslubækur og kennslugögn:

Mythos eftir Stephen Fry.

Efni frá kennara.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi þar sem áhersla er lögð á kynningar, jafningjamat og sjálfsmat ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Lögð er mikil áhersla á mætingu og þátttöku í tímum. Nemendur þurfa að skila **öllum** verkefnum áfangans.

22% Ýmis verkefni.

8% Guðir heimsins, rannsókn

5% Sköpun heimsins.

10% Bíóverkefni

20% Hetjuverkefni

15% Eiginn heimur

20% Lokaverkefni og munnlegt próf

Vinnuáætlun – vorönn 2025

Dags.	Viðfangsefni
13. - 17. jan	Mið: Áfangi kynntur. Pælingar .
20. - 24. jan	Mán: Guðir heimsins , rannsókn. Mið: Fullvinna verkefnið Guðir heimsins.
27. - 31. jan	Mán: Kynningar á verkefninu Guðir heimsins + umræðuskýrsla. Sköpun heimsins . Samanburðarverkefni - gríska sköpunin (innlegg). Mið: Sköpun heimsins - norræna sköpunin (innlegg). Vinna áfram við verkefnið.
3. - 7. feb	Mán: Grísk goðafræði, verkefni (svakalaka plakát) . Mið: Norræn goðafræði, verkefni (persónur og leikendur) .
10. - 14. feb Námsmatsdagur fös	Mán: Kynningar á persónum í grískri goðafræði. Hetjuverkefni , hluti 1 (goðafréttir) Mið: Fullvinna goðafréttir.
17. - 21. Feb	Mán: Hetjuverkefni, hluti 2 (greinargerð). Mið: Áframhaldandi vinna við greinargerð.
24. - 28. Feb Miðannarmat	Mán: Hetjuverkefni, hluti 3 (podcast + kynningarefni) Mið: Fullvinna podcast og kynningarefni.
3. - 7. mars Áfangamessa mið	Mán: Kynningar á hetjuverkefnum. Lestrarverkefni 1 – athuga heimalestur. Mið: Vinna við lestrarverkefni.
10. - 14. mars Valdagur mið	Mán: Bíóverkefni Mið: Vinna áfram við bíóverkefnið.
17. - 21. mars Kátir dagar og Flóafár	Mán: Lestrarverkefni 2 Mið: Kátir dagar
24. - 28. mars	Mán: Lestrarverkefni 2. Mið: Kynning á verkefninu Eiginn heimur .
31.mars - 4. apríl	Mán: Vinna við verkefnið Eiginn heimur. Mið: Vinna við verkefnið Eiginn heimur.
7. - 11. apríl	Mán: Fullvinna verkefnið Eiginn heimur + kynningarefni. Mið: Kynning á verkefninu Eiginn heimur .
14. - 18. apríl	PÁSKAFRÍ
22. - 25. apríl Kennsla byrjar á þri Sumardagurinn fyrsti	Mán: Páskafri. Mið: Kynning á Lokaverkefni .
28.apríl - 2.maí1.maí	Mán: Lokaverkefni Mið: Lokaverkefni.
5. - 9. maí	Mán: Lokaverkefni Mið: Lokaverkefni.
12. - 16. maí Námsmat byrjar á fös	Munnleg próf.

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar

13. janúar 2025

Guðbjörg Grímsdóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir